

fallið frá stefnu og eigi mætt né látið mæta í yfirdóminum. Fyrirmæla N. L. 1—2—3, sbr. tilsk. 15. ág. 1832, 18. gr., hefir þannig eigi verið gætt, og verður þá ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum.

Eftir því ber áfrýjanda að greiða stefnda ómaksbætur, og ákveðast þær 20 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi Sturla Jónsson greiði stefnda firmanu Nathan & Olsen fyrir hönd Carl Draeger 20 kr. í ómaksbætur áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu þessa dóms, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. nóvember 1918.

42/1918.

Finnbogi G. Lárusson  
 gegn  
 Magnúsi Magnússyni.

D ó m u r :

Samkvamt kröfu Landsbanka Íslands var jörðin Krókur með hjáleigunni Krókvelli í Gerðahreppi í Gullbringusýslu seld á nauðungaruppboði 19. ág. 1916 til lúkningar skuld til veðdeildar bankans. Magnús Magnússon, sem stefndur er í þessu máli,

var þá ábúandi á Króki og eigandi hálftrar jarðarinnar, en hina hálfenduna átti áfrýjandi, Finnbogi G. Lárusson kaupmaður á Búðum. Á nauðungaruppboðinu var boð áfrýjanda í nefnda jarðeign samþykkt af uppboðsréttinum, og fékk hann uppboðsafsalsbréf fyrir henni 29. sept. s. á. Með skjali dags. 19. des. s. á., birtu stefnda 22. sama mánaðar, lét áfrýjandi byggja stefnda út af jörðinni Króki frá næstu fardögum að telja. Af áfrýjanda hálfu var þó ekkert gjört til að koma stefnda burtu af jörðinni í fardögum 1917, og hélt hann ábúðinni að því er virðist óátalið til fardaga þ. á. En 3. júní þ. á. krafðist áfrýjandi að fógetinn bæri stefnda út af »Króki (ásamt Króksvelli og svonefndum Girtabletti)«, og var út af þeirri kröfu fógetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu haldinn 5. s. m. og eftir sókn og vörn af beggja hálfu, úrskurðaði fógetinn 10. s. m. að krafa áfrýjanda yrði eigi tekin til greina.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 31. júlí þ. á. og krafist þess, að úrskurðinum verði breytt þannig, að allar kröfur hans fyrir fógetaréttinum verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaður eftir mati réttarins.

Í útbyggingarskjalinu 19. des. 1916 eru þær sakir taldar, að stefndi hafi engan rétt til ábúðar á jörðinni, að hann hafi eigi galdið eftirgjald og að hann hafi án leyfis jarðeiganda lánað af nytjum jarðarinnar hagbeit og torfristu og tekið húsmann á jörðina.

Þó að áfrýjandi haldi því fram, að stefndi hafi eigi gert lögleg skil fyrir jarðargjöldum af Króki, hefir hann eigi fyrir þessa sök krafist útburðar á stefnda án útbyggingar samkvæmt 24. gr. laga nr. 1, 12. jan. 1884 um byggingu, ábúð og úttekt jarða, enda virðist það eigi fullljóst í málinu, að stefndi hafi sýnt slík vanskil á eftirgjaldinu, að það hefði átt að varða hann missi ábúðarrjettarins.

En krafa áfrýjanda um útburð er bygd á útbyggingunni, er stefnda var birt 22. desbr. 1916 og átti að gjöra honum ábúðina óheimila frá fardögum 1917. Stefndi heldur því fram, að þessi útbygging geti ekki verið lögleg undirstaða til að krefjast eftir henni útburðar af jörðinni í fardögum 1918, og það virðist eiga að skilja svo 26. gr. ábúðarlaganna, að rétt sé að fallast á þessa skoðun stefnda. Yfirleitt verður að ætla, að útbygging af jörðu. er eigi er framfylgt með útburði í næstu fardögum, geti eigi síðar komið til greina gagnvart leiguliða og að landsdrottinn geti eigi eftir vild sinni látið dragast að framfylgja henni, ef til vill svo árum skiftir. Og um málsatvikin hér er það sérstaklega að athuga, að þegar stefnda var birt útbyggingarskjalið, mótmælti hann þeim útbyggingarsökum, sem þar eru taldar og, sem fyrri er vikið að, hreifði sig eigi til burtflutnings af jörðinni í næstu fardögum, en áfrýjandi lét hann halda ábúðinni óátalið til fardaga 1918, eftir því gat stefndi búist við því, að áfrýjandi ætlaði eigi að halda því til streitu, að stefndi færi frá jörðinni, og að minsta kosti átti hann eigi að visu að ganga að hann ætti af jörðu að fara, sbr. nefnda lagagrein í f.

Það þykir því af þessum ástæðum, og án þess að frekari rannsóknar þurfi á öðrum atriðum málsins, eiga að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 25. nóvember 1918.

45/1918.

Firmað Trolle & Rothe,

f. h. váttryggingarfélagins h.f. »Wolga«  
í Petrograd

gegn

Aug. Flygenring

f. h. hlutafélagsins »Ýmir«.

D ó m u r:

Hinn 25. marz 1916 var botnvörpuskipið »Ýmir« frá Hafnarfirði á siglingu í norðaustanroki og snjóbyl undan Selvogi; kendi skipið þá grunns en losnaði samstundis aftur af grunni. Kom þá þegar í ljós að leki hafði komist að skipinu, því sjór gekk inn í fisklestina, svo mjög að dælur skipsins höfðu ekki undan að ausa það. Var þá haldið inn til Þorlákshafnar, og þar sem skipstjóra virtist ekki útlit fyrir að skip-